



Borgarráð

Erindisbréf starfshóps um stefnumörkun félagsmiðstöðva, samfélags- og menningarhúsa í borginni

Hjálögð drög að erindisbréfi starfshóps um stefnumörkun félagsmiðstöðva, samfélags- og menningarhúsa í borginni eru lögð fram til kynningar.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Erindisbréf starfshóps um stefnumörkun félagsmiðstöðva, samfélags- og menningarhúsa í borginni, drög.



ERINDISBRÉF

Starfshópur um stefnumörkun félagsmiðstöðva, samfélags- og menningarhúsa í borginni

Ábyrgðaraðili:

Borgarstjóri.

Inngangur:

Á fundi borgarráðs 1. desember 2022 voru samþykktar breytingatillögur meirihlutans við frumvarp að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2023 sem felast í hagræðingaraðgerðum. Tillaga 39 fólst í stefnumörkunar félagsmiðstöðva, samfélags- og menningarhúsa í borginni.

Hlutverk:

Heildstæð stefnumörkun um menningar- og félagsstarfsemi allra aldurshópa í borginni þar sem öflugt félags- og menningarstarf í öllum borgarhlutum og markviss og góð nýting mannauðs, húsnæðis- og fjármuna verði eitt af lykilmarkmiðum. Félagsmiðstöðvar Reykjavíkurborgar á vegum velferðarsvið eru 17 talsins. Nýting þjónustu þeirra er afar mismunandi og ræður þar eðli starfsemi þeirra og staðsetning. Mat skrifstofu öldrunarþjónustu er að unnt sé að fækka miðstöðvunum ásamt móttökueldhúsum sem þar eru starfandi um 5. Eftir munu standa a.m.k. ein félagsmiðstöð í hverju hverfi borgarinnar sem er í samræmi við áætlanir meirihluta borgarstjórnar um samfélagshús. Menningar- og íþróttasvið rekur menningarhús í öllum borgarhlutum fyrir alla aldurshópa, á grunni útibúa Borgarbókasafnsins, menningarmiðstöðina Gerðuberg í Breiðholti og Hitt húsið í Elliðaárdal sem þjónar ungu fólki. Þá eru íþróttamannvirki og sundlaugar oft vinsælir samkomustaðir sem gegna mikilvægu hlutverki. Skóla- og frístundasvið rekur frístundamiðstöðvar í öllum borgarhlutum á fjölmörgum starfsstöðum, þar eru aðeins fyrir ungt fólk og eru ýmist í sérhæfðu húsnæði sem og innan skóla. Fagfólk um frítímaþjónustu starfar að einhverju leyti á öllum þessum sviðum, auk sérfræðinga Borgarbókasafns og annars starfsfólks, sérhæfðs og ekki. Ábyrgð á pólitískri stefnumörkun, staðsetning einstakra þátta í starfseminni í stjórnkerfi borgarinnar ásamt tillögum um framtíðarsýn, skipulag starfseminnar, samþættingu og samstarf og nýtingu húsnæðis og fleira komi allt til skoðunar í stefnumörkuninni.

Helstu verkefni/viðfangsefni:

Að leggja fram tillögur að heildstæðri stefnumörkun um menningar- og félagsstarfsemi allra aldurshópa í borginni þar sem öflugt félags- og menningarstarf í öllum borgarhlutum og markviss og góð nýting mannauðs, húsnæðis- og fjármuna verði eitt af lykilmarkmiðum.

Starfshópin skipa:

Anna Sigrún Baldursdóttir skrifstofustjóri öldrunarmála, velferðarsviði, formaður
Eiríkur Björn Björgvinsson sviðsstjóri, menningar- og íþróttasviði
Ævar Harðarson, skrifstofustjóri hverfis- og skipulagssviði
Ómar Einarsson, fyrrverandi sviðsstjóri



Reykjavíkurborg

Guðrún Kaldal, Framkvæmdastjóri frístundamiðstöðvarinnar Tjarnarinnar
Árni Guðmundsson, aðjúnt og sérfræðingur í æskulýðsmálum, Háskóla Íslands

Starfsmaður:

Sigrún Sveinbjörnsdóttir, staðgengill skrifstofustjóra frístundaskrifstofu, skóla- og frístundasviði

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn leiti einnig ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á. Einnig verði samráð haft við öldungaráð og Reykjavíkurráð ungmenna.

Starfstímabil:

Frá 10. febrúar til 1. maí 2023.

Reykjavík, [dags.]

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri



ERINDISBRÉF

Starfshópur um stefnumörkun félagsmiðstöðva, samfélags- og menningarhúsa í borginni

Ábyrgðaraðili:

Borgarstjóri.

Inngangur:

Á fundi borgarstjórnar 6. desember 2022 voru samþykktar breytingatillögur meirihlutans við frumvarp að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2023 sem felast í hagræðingaraðgerðum. Tillaga 39 fólst í stefnumörkunar félagsmiðstöðva, samfélags- og menningarhúsa í borginni.

Hlutverk:

Heildstæð stefnumörkun um menningar- og félagsstarfsemi allra aldurshópa í borginni þar sem öflugt félags- og menningarstarf í öllum borgarhlutum og markviss og góð nýting mannauðs, húsnæðis- og fjármuna verði eitt af lykilmarkmiðum. Félagsmiðstöðvar Reykjavíkurborgar fyrir fullorðið fólk á vegum velferðarsvið eru 17 talsins. Nýting þjónustu þeirra er afar mismunandi og ræður þar eðli starfsemi þeirra og staðsetning, hluti þeirra hefur verið þróaður yfir í samfélagshús sem genga fjölbreyttu hlutverki innan hverfa m.a félagsstarf fyrir flóttafólk og virknetækifæri. Mikilvægt er að a.m.k. ein félagsmiðstöð sé í hverju hverfi borgarinnar sem er í samræmi við áætlanir meirihluta borgarstjórnar um samfélagshús. Menningar- og íþróttasvið rekur menningarhús í öllum borgarhlutum fyrir alla aldurshópa, á grunni útibúa Borgarbókasafnsins, menningarmiðstöðina Gerðuberg í Breiðholti og Hitt húsið í Elliðaárdal sem þjónar ungu fólki. Þá eru íþróttamannvirki og sundlaugar oft vinsælir samkomustaðir sem gegna mikilvægu hlutverki. Skóla- og frístundasvið rekur frístundamiðstöðvar í öllum borgarhlutum á fjölmörgum starfsstöðum, þar eru aðeins fyrir ungt fólk og eru ýmist í sérhæfðu húsnæði sem og innan skóla. Fagfólk um frítímaþjónustu starfar að einhverju leyti á öllum þessum sviðum, auk sérfræðinga Borgarbókasafns og annars starfsfólks, sérhæfðs og ekki. Ábyrgð á pólitískri stefnumörkun, staðsetning einstakra þátta í starfseminni í stjórnkerfi borgarinnar ásamt tillögum um framtíðarsýn, skipulag starfseminnar, samþættingu og samstarf og nýtingu húsnæðis og fleira komi allt til skoðunar í stefnumörkuninni.

Helstu verkefni/viðfangsefni:

Að leggja fram tillögur að heildstæðri stefnumörkun um menningar- og félagsstarfsemi allra aldurshópa í borginni þar sem öflugt félags- og menningarstarf í öllum borgarhlutum og markviss og góð nýting mannauðs, húsnæðis- og fjármuna verði eitt af lykilmarkmiðum.

Starfshópin skipa:

Anna Sigrún Baldursdóttir skrifstofustjóri öldrunarmála, velferðarsviði, formaður
Eiríkur Björn Björgvinsson sviðsstjóri, menningar- og íþróttasviði
Ævar Harðarson, skrifstofustjóri hverfisSKIPULAGS, umhverfis- og skipulagssviði
Ómar Einarsson, fyrrverandi sviðsstjóri



Reykjavíkurborg

Guðrún Kaldal, Framkvæmdastjóri frístundamiðstöðvarinnar Tjarnarinnar
Árni Guðmundsson, aðjúnt og sérfræðingur í æskulýðsmálum, Háskóla Íslands

Sigríður Arndís Jóhannsdóttir, verkefnastjóri Þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða

.Starfsmaður:

Sigrún Sveinbjörnsdóttir, staðgengill skrifstofustjóra frístundaskrifstofu, skóla- og frístundasviði

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn leiti einnig ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á. Einnig verði samráð haft við Velferðarráð, Skóla og frístundaráð og Menningar íþróttá og tólmstundaráð, öldungaráð og Reykjavíkurráð ungmenna. Þá hefur hópurinn samráð við stýrihóp um mótun framtíðarsýnar og stefnumörkunar um starfsemi Hins hússins og stýrihóp um samnýtingu skóla- og frístundahúsnæðis.

Starfstímabil:

Frá 10. febrúar til 1. maí 2023.

Reykjavík, [dags.]

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri